



**Ársskýrsla
Byggðasafns Skagfirðinga
fyrir 2007**

Efnisyfirlit

Formáli	2
I Byggðasafn Skagfirðinga	3
Starfsfólk	3
Safnkennsla, fyrirlestrar, endurmenntun og fleira	4
Málþing - Torf í arf	4
Sýningar og sýningagestir	5
Tekið til kostanna	5
Theódórsstofa	6
100 ár í heilbrigði	5
Safnadagurinn	6
Barnagull	6
Rökkurgangan	7
Söfnun og skráningar	7
Samstarf	8
Styrkir	8
Útgáfa	9
II Hús, búnaður og safnsvæði	10
III Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga 2007	11
Styrkir	11
Fornleifarannsóknir 2007	11
Eyðibýlarannsókn í Akrahreppi	11
Kolkuós	12
Vík í Staðarhreppi	12
Framkvæmdaefirlit í Fljótum	12
Keldudalur	13
Fornleifaskráning í Skagafirði	13
Önnur verkefni	14
Úrvinnsla rannsókna í Keldudal	14
Kirkjuverkefni	14
Samstarfsverkefni BSk og Byggðasögu Skagafjarðar	14
Verkefni utan héraðs	15
Skráning mannabeina frá Skriðuklaustri	16
Skráning og flokkun beina	16
Kynning og miðlun	16
Kennsla og fyrirlestrar	16
Námskeið	16
Sýningar	16
Útgáfa	17
Greinar	17
Verkefnin framundan	18
IV Sögusetur íslenska hestsins 2007	19
Sýningar	19
Fræðsla	19
Samstarf	19
Gjafir	19
V Fornverkaskólinn 2007	20
Starfsárið 2007	22
Yfirlit yfir námskeið á vegum Fornverkaskólans 2007	23
Verkefnin framundan	24

Formáli

Ársskýrslan skiptist í fimm meginkafla þar sem fjallað er um starfsemi safnsins, híbýli, Fornleifadeild, Fornverkaskóla og Sögusetur íslenska hestsins. Tvö þau síðast nefndu hefur safnið bein afskipti af og ber ábyrgð á þeim jafnt og samstarfaðilarnir. Áhersla er lögð á að skýra megin þætti í starfinu fremur en að tíunda allt sem gerst hefur.

Starfið einkenndist af rannsóknum, miðlun og vinnu í geymslum. Megin rannsóknir voru um kirkjustaði í Skagafirði fyrir 1555, og fornleifarannsóknir í Keldudal-, á Hólum- og að Kolkuósi, auk fornleifaskráninga í Víkurparti í Sæmundarhlíð og í Blönduhlíð. Sett var upp sýning um hjúkrunarstörf, *Hundrað á í heilbrigði*, var hún kölluð og fjallaði um störf og aðbúnað skagfirsks hjúkrunarfólks á 100 ár. Aðstoð var veitt við tvær aðrar sýningar: *Tekið til kostanna* og *Theódórssstofu*. Ný sýningarbók, *Treasure in the earth*, var prentuð fyrir sýninguna *Margt býr í moldinni*, sem fjallar um rannsóknir á skagfirsku minjaumhverfi, í Minjahúsinu. Smárit um *Þróun torfbæja*, *Mannamyndir í Suðurstofu* og *Matargerð í torfbæjum* voru endurprentuð og nýtt smárit *Torf til bygginga* var gefið út. Lokið var gerð smáritsins *Glaumbær*, *Kirkja og staðar* og það sent í prentun. Hálft fimmta hundrað fornleifa voru skráðar í Sarp og á annað þúsund munir. Gengið var frá vatnsúðunarkerfi í geymslum og sett inn hillukerfi, ásamt tækjum til skráninga og rannsókna. Fornverkaskólinn, sem er samtarfsverkefni með Hólaskóla og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, var settur af stað. 28 nemendur sóttu 5 námskeið skólans, sem voru í vinnslu rekaviðar, smíði einfaldrar húsgrindar, og torf- og grjóthleðslu. Viðgerðir og viðhald bæjar og húsa tóku sinn tíma og toll, og fóru fram samkvæmt áætlunum.

I Byggðasafn Skagfirðinga

Starfsfólk

Við safnið voru samtals 16 manns við safnvörslu, -kennslu og rannsóknir. Á ársgrundvelli voru 5,25 ársstörf við sjálft safnið og 2,5 við fornleifa-deildina. 3 starfsmenn voru við safnið í árslok og 2 við Fornleifadeild. Starfsfólkið var: 10 sumarsafnverðir, 4 rannsakendur og 2 kennarar í hlutastörfum við safnkennslu og námsskrárgerð. Auk þeirra voru nokkrir verkefnaráðnir sérfræðingar sem tengdust ýmsum rannsóknum. Fornleifadeildar Byggðasafnsins og 4 starfsmenn kaffistofunnar Áskaffi.

Safnstjóri er Sigríður Sigurðardóttir. Safnvörður í hálfu starfi á ársgrundvelli er Bjarni Bragason búfræðingur. Starf hans felst fyrst og fremst í munaskráningu og umhirðu og eftirliti með húsnæði safnsins í Glaumbæ og á Sauðárkróki, sem og umsjón með innanstokksmunum og safnkosti í safngeymslum. Stefanía Sigurðardóttir er verkefnaráðin við skráningar í Sarp. Deildarstjóri Fornleifadeildar er Guðný Zoëga fornleifarfræðingur. Verkefnaráðinn sérfræðingur á deildinni er Bryndís Zoëga landfræðingur. Hún annast fornleifaskráningar, korta- og skýrslugerð fyrir fornleifadeild og er skráningastjóri Fornverkaskólans. Guðmundur St. Sigurðarson fornleifafræðinemi annaðist fornleifaskráningar og skýrslugerð.

Verkefnaráðnir sumarstarfsmenn voru tíu, fjórir í Minjahúsinu og sex í Glaumbæ. Í Minjahúsinu voru: Egill Bjarnason Sauðárkróki, Hulda Sigurbjörnsdóttir Sauðárkróki, Solveig Arnórsdóttir Dýjabekk og Kristín Helgadóttir Sauðárkróki, öll félagar í Félagi eldri borgara. Í Glaumbæ voru Ágúst og Pálmi Sigurjónssynir, Hjarðarhaga, Oddný Alda Egilsdóttir Hvalnesi, Óskar Smári Haraldsson Brautarholti, Stefán Ingólfsson Sauðárkróki og Stefanía Sigurðardóttir Skarði, sem einnig leysti af í Minjahúsinu og tölvuskráði muni í Sarp. Sigrún Fossberg Arnardóttir deildarstjóri og kennari við Árskóla, Sauðárkróki, tók á móti skólahópum í Minjahúsinu og Esther Ágústsdóttir kennari vann við námsskrárgerð og námslýsingar fyrir Fornverkaskólann. Sjá umfjöllun um Fornverkaskólann bls. 21.

Umhirða lóðar og viðhald á húsum og bæ var í höndum verktaka, sem og rekstur kaffistofunnar, sem Auður Herdís Sigurðardóttir stýrði eins og undanfarin sumur. Hjá henni unnu Ingibjörg Kr. Ingólfssdóttir og Kristín María Gísladóttir, og fleiri.



Gestir Áskaffis njóta gómsætra veitinga að hætti ömmu og langömmu. Það er mikils virði fyrir safnið að geta boðið gestum upp á aðra og áhrifamikla upplifun en sjónræna, því bragðið af þeim réttum sem unnar eru að hefðbundnum íslenskum hætti gæla við bragðlaukana.

Safnkennsla, fyrirlestrar, endurmenntun og fleira

Á þriðja hundrað grunn- og framhaldsskólanema nutu safnkennslu sem boðin var. Sigrún Fossberg tók á móti grunnskólahópum í Minjahúsinu og Guðný Zoëga tók á móti fjölda framhalds- og háskólanema á sama stað. Sigríður Sigurðardóttir tók á móti um fjögur hundruð nemendum af öllum skólastigum í Glaumbæ.

Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir kenndu á námskeiðum við ferðamáladeild Hólaskóla, Háskólans á Hólum og á Staðarvarðanámskeiði við sama skóla og Vettvangsskóla Hólarannsóknarinnar.

Nemendur í ferðamálafræðum við Hólaskóla, Háskólans á Hólum og í námi í sögutengdri ferðapjónusta við Háskóla Íslands fengu fyrirlestra og aðstoð í október, um það hvernig sögunni er miðlað, um þýðingu sögutengdrar ferðapjónustu fyrir ímynd svæðisins og kynnt þróun söguslóða í Skagafirði. Starfsfólk Byggðasafns og Fornleifadeildar safnsins kom beint og óbeint að flestum námskeiðum Fornverkaskólans.

Safnstjóri sótti Farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna sem haldinn var í Skotlandi í september.

Málþing - Torf í arf

Um 50 manns sótti málþingið *Torf í arf*, sem haldið var á Löngumýri dagana 30.-31. mars. Umfjöllunarefni þingsins voru torfbyggingar frá ýmsum sjónarhornum. Fyrir málþinginu stóðu: Viðar Hreinsson, framkvæmdastjóri fyrir Reykjavíkur-Akademíuna, Hannes Lárusson, myndlistamaður fyrir hönd Íslenska bæjarins, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, deildarstjóri Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum og Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri fyrir hönd Byggðasafns Skagfirðinga. Menntamálaráðuneytið, Fisk Seafood, Kaupfélag Skagfirðinga, Sparisjóður Skagfirðinga, Suðurleiðir og Landbúnaðarráðuneytið styrktu þinghaldið.

Rætt var um varðveislu handverksins, um viðgerðir og varðveislusjónarmið, um fagurfræði torfbæja og túlkun þeirra og um hlutverk þeirra í nútíð og fortíð, um forgengileika efnisins, um fornleifafræðilegar heimildir og um viðhorf til efnisins og verklag tengt því. Fornverkaskólinn var kynntur og farin var vettvangsferð (Víðimýri, Reynistaður, Glaumbær). Framsögumenn á þinginu voru: Þór Hjaltalín, minjavörður Norðurlands vestra, Einar S. Hjartarson, húsasmíðameistari hjá Húsafriðunarnefnd ríkisins, Atle Uve Martinussen, sérfræðingur hjá Norsk handverksutvikling, Víglundur Kristjánsson, fornhleðslumeistari, Helgi Sigurðsson framkvæmdastjóri hjá Fornverki ehf., Anna Lísá Rúnarsdóttir, mannfræðingur á Þjóðminjasafni Íslands, Esther Ágústsdóttir, verkefnastjóri Fornverkaskólans, Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga, Hannes Lárusson, myndlistarmaður og forstöðumaður Íslenska bæjarins, Pétur Ármannsson, arkitekt, Pétur Gunnarsson, rithöfundur, Hjörleifur Stefánsson, arkitekt, Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur á Þjóðminjasafni Íslands, Reynir Vilhjálmsson, landslagsarkitekt og Kristinn Schram, þjóðfræðingur.

Sýningar og sýningagestir

Sýningar í Minjahúsinu á Sauðárkróki voru opnar 13-18 alla daga frá júní til 31. ágúst. Sýningar í Glaumbæ og Áshúsi vorðu opnar 9-18 alla daga frá 1. júní til 15. september og kaffistofan Áskaffi á sama tíma. Aðgangur var 500 kr. f. fullorðna (400 kr. f. hópa), 300 fyrir stúdenta og lífeyrisþega, ekkert fyrir yngri en 16 ára. Fólk gat keypt einn miða fyrir bæði Minjahúsið og Glaumbæ saman með því að bæta 100 kr. við aðgangseyri á öðrum hvorum staðnum.

Í Glaumbæ komu 25351 gestir, í Minjahúsið á Sauðárkróki 1018. Samtals 26369 manns.¹ Um fjögur þúsund manns skoðuðu sýninguna *Annað land- Annað líf, Vesturheimsferðir 1870-1914* í Vesturfarasetrinu á Hofsósi og ótalinn fjöldi sá sýningu Söguseturs íslenska hestsins um Theódór Arnbjörnsson ráðunaut, sem sett var upp á Hólum á vegum Sögusetursins, með munum frá Byggðasafni, að hluta. Sömleiðis er ótalinn fjöldi á biskupasýningu Hólarannsóknarinnar sem var í hátíðarsal skólans.

Tekið til kostanna

Safnstjóri aðstoðaði *Riddara norðursins* við að setja upp sýningu, um reiðmennsku og reiðtygi fyrr á tímum, á stórsýningu skagfirskra hestamanna „*Tekið til kostanna*“ þann 20. apríl í Reiðhöllinni Svaðastöðum.

100 ár í heilbrigði

Sunnudaginn 6. maí opnaði Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki sýninguna *100 ár í heilbrigði - Brot úr sögu sjúkrahúss*, sem safnstjóri setti upp fyrir stofnunina í Gamla spítalanum á Aðalgötu 2, sem svo er kallaður. Það er nú Safnaðarheimili. Sýningin fjallaði um fyrstu áratugi hjúkrunarstarfa í Skagafirði og rekstur sjúkrahúss á Sauðárkróki frá 1907-1961 í Gamla spítalanum og frá 1961-2 á sjúkrahúsi Skagfirðinga á Sauðárhæðum, sem nú ber heitið Heilbrigðisstofnunin á Sauðárkróki. Lánaðir voru nokkrir safngripir á sýninguna.



Í sjúkrahverbergi á *Gamla spítalanum*. Umbúnaður sjúklings, búningur hjúkrunarkonu, tæki og búnaður frá 1947-9. Á borðinu eru ýmist tæki og ílát og línþokinn úti í horni.

¹ Í nokkur ár hafa starfsmenn safnsins reynt að telja þá gesti sem ekki fara inn í gamla bæinn, en heimsækja svæðið og njóta þjónustu í Áshúsi, skoða sig um og taka myndir. Stikkprufur yfir hásumartímann og nokkuð nákvæm talning í september gefur til kynna að um 17% gesta sem koma í Glaumbæ fara ekki inn í bæinn eða kaupa aðgang og eru þar með hvergi taldir. Ef þeir eru reiknaðir með hafa gestir safnsæðisins í Glaumbæ árið 2007 verið 29661 manns.

Theódórsstofa

Sem fyrr getur voru lánaðir munir á sýningu Söguseturs íslenska hestsins um líf og störf Theódórs Arnbjörnssonar fyrsta hrossaræktarráðunautarins. Sýningin var opnuð þann 20. apríl í Hólaskóla í Theódórsstofu sem framvegis mun bera það nafn.

Barnagull

Leikföng úr hornum og beinum hafa verið lánuð á sýningar og til skóla út um héraðið og hafa vakið athygli og ánægju því leikföng úr hornum og beinum eru fremur fáséð í dag. Börnin eru fljót að sjá hvernig best er að nota þau. *Leikföng úr hornum og beinum* var sett upp á Landbúnaðarsýningu í reiðhöllinni Svaðastöðum í ágúst, 4. árið í röð með aðstoð Þóreyjar S. Jónsdóttur í Keflavík sem útvegar bein og efni í hús og girðingar. Leikföng úr beinum og hornum ásamt myndum af húsdýrum og textaspjöldum voru lánuð á landbúnaðarþing í Reykjavík í október.

Safnadagurinn

Íslenski safnadagurinn, sunnudagurinn 8. júlí, var einstaklega vel heppnaður. Veðrið lék við gesti og greinilegt var að margir komu víða við í Skagafirði til að líta á hvað helst var í boði. Um 650 manns nýttu sér að frítt var inn á sýningar byggðasafnsins.



Systurnar Guðríður, Kristín og María Helgadóttur kváðust á, saumuðu og prjónuðu inni í baðstofu. Sigríður Magnúsdóttir strokkaði smjör í litlabúri og Margrét Ingvarsdóttir á Ytri-Mælifellsá sýndi og kenndi hrosshárvinnu.



Úti á bæjarhlaði var brugðið á leik og starfsmenn safnsins kenndu ungum sem öldnum ýmsa leiki. Það var stokkið yfir sauðarlegg og náð í smjör í strokkinn eins og myndirnar sýna. Þá var reistur horgemlingur, ræfill rifinn upp úr svelli og farið í brókina hans Skíða.

Rökkurgangan



Boðið var upp á rökkurgöngu í gamla bæinn, í tólfta sinn, á aðventunni. Um 230 manns röltu í bæinn og nutu góðar stundar við kertaljós og rúsínur í rökkrinu.

Rökkurgangan var í boði dagana 8., 9., 15. og 16. desember. Í hlóðæld-húsinu var fólki boðið að smakka jólahangikjöt með laufabrauði. Í baðstof-unni var spjallað um jólin í gamla daga og sagðar sögur. Í suðurstofu var kveikt á jólatré og boðið upp á rúsínur. Áshúsið var skreytt jólaskrauti frá miðri 20. öld og þar var boðið upp á heitt súkkulaði, smákökur, tertur, rjómapönnukökur og margt fleira góðgæti. Hver maður fékk málshátta-köku, málshættir eru góðir til umhugsunar fyrir jólin. Kaffistofan var mjög vel sótt þessa daga. Það var sérlega gaman að sjá kunnugleg andlit frá fyrri árum og verulega hafði teygst úr sumum sem komu afar stuttfattir í rökkurgöngu, sumir fyrir rúmum áratug.

Söfnun og skráningar

Safngripir. Fjórtán safngripir voru skráðir í aðfangabók safnsins. Þeirra á meðal er elsti bókaskápur Lestrarfélags Hólahrepps, sem verið hefur á Kálfsstöðum, Nautabúi og síðast í Efra-Ási. Safnaráð veitti 200 þús. kr. til skráninga í Sarp á árinu. Það dugði fyrir afnotagjaldinu og var unnið að Sarpsskráningum flesta mánuði ársins. Samtals 475 fornleifar voru skráðar í Sarp og 1136 munir. Í lok ársins 2007 voru samtals í fornleifaskrá byggðasafnsins í Sarpi 5428 færslur og í munaskránni 2804.

Munsafn Kristjáns Runólfssonar var tekið til geymslu fyrir Hjaltla Pálsson ritstjóra, núverandi eiganda safnsins, sem hyggst gefa það Skagfirðingum.

Munnlegar heimildir. Helga Bjarnadóttir skilaði inn viðtölum við Fríðu Edvarðsdóttur frá Þorsteinsstöðum, Kristbjörgu Bjarnadóttur og Axel Þorsteinsson frá Litlu-Brekku.

Húsakannanir. Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga mældu upp og skráðu húsið að Suðurgötu 5, sem hýsir járnsmiðju Ingimundar Bjarnasonar, gömlu bæjar- og útihúsin á Hrólfsstöðum og hús og húsa-leifar á Tyrfingsstöðum. Skráningin var liður í húsakönnunarverkefni sem byggðasafn og héraðsskjalasafn vinna saman. Mælingar á Tyrfingsstöðum og Suðurgötu 5 voru einnig liður í undirbúningi námskeiðahalds á vegum

Fornverkaskólans, sem svo er kallaður. Mælingar á Hrólfsstöðum voru nauðsynlegar því eigandi jarðarinnar hefur ákveðið að fjarlægja gömlu bæjarhúsin og hefur gefið Brunavörnum Skagafjarðar þau til æfinga. Hvorki Fornleifavernd ríkisins né byggðasafnið hefur bolmagn til að verja húsin, sem eru byggð á 20. öld. Þessi arfur fyrri kynslóða er því ofurseldur ákvörðun eigandans eins og svo margar leifar bygginga sem vitna um fornt handverk og aflagða búskaparhætti. Það sem uppi stendur hefur verið dæmt til íkveikju og niðurrifs en undirstöður húsanna á Hrólfsstöðum eru friðaðar þjóðminjar og við þeim má ekki hrófla þegar hús verða felld.

Samstarf

Undirritað var samkomulag um söfnun og varðveislu muna með **Sögusetri íslenska hestsins**, sjá umfjöllun um kafla IV, bls. 20. Sögusetrið er **sameign** byggðasafnsins og Hólaskóla-Háskólans á Hólum. Safnið sinnti margvíslegu öðru samstarfi um kennslu og rannsóknir við Hólaskóla, svo sem í Staðarvarðanámi, Vettvangsskóla Hólarannsóknar, rannsóknir í Kolkuósi og á Hólum og um Fornverkaskólann. Sjá kafla V, bls. 21.

Vesturfarasetrið á Hofsósi var aðstoðað við undirbúningu samnings um sýningu frá vesturströnd Kanada og var áfram með sýninginuna *Annað land. Annað líf. Vesturheimsferðir 1870-1918* í láni.

Styrkir

Safnið hlaut marga og velþegna styrki á árinu, sem gerði starfsmönnum kleift að vinna aðkallandi verkefni, í sumum tilfellum að hefja ný og öðrum tilfellum að klára eldri verkefni og halda í horfinu.

- Safnasjóður veitti **1900 þúsund** kr. sem skiptist í 1600 þúsund kr. í rekstrarstyrk og 300 þúsund kr. í verkefnastyrki. 100 þúsund kr. til innsetningar vatnsúðunarkerfis í Minjahúsinu á Sauðárkróki og 200 þúsund kr. til skráningar muna og fornleifaskráningar í SARP.²
- Fjárlaganefnd Alþingis veitti **3000 þúsund** kr. til að gera geymsluna í Minjahússins, vörslu- og rannsóknarhæfa.
- Menningarsjóður veitti **300 þúsund** kr. til smáritsins: *Glaumbær. Kirkja og saga*.
- Fisk Seafood, KS, Suðurleiðir og Menntamálaráðuneytið veittu **350 þúsund** kr. samtals til málþingsins *Torf í arf*.
- Þjóðhátíðarsjóður veitti **300 þúsund** kr. smáritsins: *Glaumbær. Kirkja og saga*.
- Samgönguráðuneytið veitti **850 þúsund** kr. til að hefja hönnun aðstöðuhúss og skipulagsvinnu fyrir safnsvæðið í Glaumbæ.
- Menningarráð Norðurlands vestra veitti **250 þús.** kr. til húsakönnunar í dreifbýli.

² Afnotagjald fyrir Sarp, <http://www.sarpur.is>, sem er *tæki* til að skrá menningarsögulegar grunnupplýsingar í, er 240 þús. kr. á ári. Ýmis þjónustukostnaður sem fellur til Sarps og launakostnaður við skráningar hlaupa á hundruðum þúsunda á ári þannig að það skiptir sköpum fyrir safnið að fá styrk úr Safnasjóði til þessarar starfsemi. Vatnsúðunarkerfið kostaði tæpar 2 milljónir kr. þannig að styrkurinn til þess var vel nýttur.

- Menningarráð Norðurlands vestra veitti **250 þús.** kr. til útgáfu smárits um Glaumbæ.
- Menningarráð Norðurlands vestra veitti **250 þús.** kr. til að skrá og vinna sýningarskrá fyrir *Gömlu verkstæðin* í Minjahúsinu.
- Menningarráð Norðurlands vestra veitti **500 þús.** kr. til efnisöflunar og uppsetningar vefsjár.

Til samstarfsverkefna fengust þessir styrkir:

- 200 þúsund kr. til Fornverkaskólans frá Þjóðhátíðarsjóði – greitt til Hólaskóla.
- 200 þúsund til Fornverkaskólans frá Sókn til eflingar skóla í Skagafirði – greitt til Hólaskóla
- 330 þúsund kr. frá Nordplus Voksen til Fornverkaskólans til kennara og nemendaskipta – greitt til Hólaskóla
- 2000 þúsund kr. frá Fjárlaganefnd vegna Verslunar Haraldar Júlíussonar, til að halda versluninni opinni, sem gerir safninu kleift að vinna að varðveislu verslunarinnar, sem er einn fárra hornsteina gamla tímans á Sauðárkróki og mikilvægur liður í sögu verslunar og þjónustu í Skagafirði. Verslunin er mikilvægur vitnisburður um hverfandi viðskiptahætti, sem ber að standa vörð um.

Auk upptaldrá styrkja hlaut Fornleifadeild safnsins styrki til rannsókna. Sjá umfjöllun deildarstjóra þar um, bls. 11.

Útgáfa

Safnið gaf út fjölda smáblöðunga með fræðslu- og kynningarefni í sama stíl og kynningarefni það sem gefið var út á síðasta ári. Sýningarskrá á ensku fyrir sýninguna *Margt býr í moldinni*, sem útleggst sem **Treasure in the Earth** og er um fornleifarannsóknir síðast liðin fimm ár í Skagafirði og tvö ný smárit.



Smárit nr. 7 Torf til bygginga, sem Sigríður Sigurðardóttir tók saman.

Smárit nr. 8. Glaumbær. Kirkja og saga einnig eftir Sigríði Sigurðardóttur. Rit Jóns Sigurðssonar frá Reynistað um Glaumbæ var fyrir löngu uppselt og oft spurt eftir upplýsingum um sögu kirkju og staðar. Því var ráðist í útgáfu smáritsins sem er heldur viðameira en önnur smárit safnsins.

Greinar. Sigríður Sigurðardóttir (2007). Merkilegur myndarammi (bls.31-32). Í *Hugur og hönd*. Rit Heimilisiðnaðarfélags Íslands.

II Hús, búnaður og safnsvæði

Gamli bærinn í Glaumbæ er sjálfur undir stöðugu eftirliti og gert er við eftir þörfum. Það þótti saga til næsta bæjar þegar rífið var ofan af bæjar-göngunum í svartasta skammdeginu og farið að gera við torfveggi þegar fremur var von á frosti en þíðu. Brýnt var að komast í veg fyrir vatns-skemmdir, áður en hlánaði, við dyr inn í eldhús, búr og Gusu, sem kölluð er. Torf var tekið í haust og hýst í gamla bænum. Viðgerðarefnið er því þítt og tilbúið til notkunar og þar sem bærinn er frostfrír er enginn vandi að taka ofan af innveggjum og gera við, þegar byggt var yfir þann hluta sem unnið er í. Fornverksmenn, þeir Blöndhlíðingarnir Helgi Sigurðsson frá Stóru-Ökrum og Jakob Stefánsson frá Borgarhóli og Hornfirðingarnir Stefán Benediktsson og Eymundur Sigurðsson sáu um viðgerðirnar. Bæði þarna á þorranum og einni er þeir gengu frá viðgerðum við göngin í júní. Um leið hlóðu þeir í gáttir og dyttuðu að veggjum. Í júní tóku þeir ofan af



gafhláði og norðurvegg Norður-Skemmu og gilduðu upp og löguðu þak. Framþil var rétt af eins og hægt var án þess að taka það niður. Viðgerðirnar voru unnar undir eftirliti frá Húsafriðunarnefnd ríkisins.

Menn komu sér fyrir undir skýli úr plasti á meðan viðgerð fór fram, á þorranum 2007.

Áshúsið. Bragi Skúlason gerði við handriði á stiga á Áshúsinu að austan í janúar. Í júní var sett ljósbrotsfilma á glugga Áshússins. Keypt hjá Gler-tækni, sem sendi mann til verksins. Sett var á báða glugga á norðaustur-stofu, og alla glugga á efri hæð á suðurgafli. Síðla árs bilaði heitavatnslögn í Áshúsi og vatn flæddi inn á kjallaragólf. Fyrir ótrúlega hendingu var safnstjóri á réttum stað á réttum tíma og bilunin uppgötvaðist fljótlega eftir að forhitari á heitvatnskerfinu sprakk. Eins og oft áður brugðust pípulagn-ingamenn hratt við og tókst að laga skemmdir og setja inn nýtt í stað hins skemmda á nokkrum dögum. Þetta er í 2. sinn á 7 árum sem heita vatnið sprengir forhitara á heitavatnskerfinu, sem gerist vegna þess hve vatnið er kalkríkt. Rík ástæða er til að fylgjast vel með því í framtíðinni.

Minjahúsið. Á árinu tókst að ljúka frágangi öryggiskerfis (þ.m.t. vatnsúðunarkerfis) í Minjahúsinu á Sauðárkróki þar sem megin geymslur safnsins eru til húsa. Þegar þeim aðgerðum verður að fullu lokið má fyrst segja að Byggðasafn Skagfirðinga hafi raunverulega loksins efni á að vera til, því eitt grunnatriði í starfi minjasafns er að safnkosturinn sé geymdur í fullkomlega öruggum geymslum. Safn sem ekki hefur efni á öruggum geymslur getur tæplega talist hafa efni á að vera til. Stofnkostnaðurinn kann mörgum að þykja, en hann margborgar sig er tímar líða.

III Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga 2007

Starfsemi Fornleifadeildar Byggðasafnsins var að vanda fjölbreytt á liðnu ári. Meðal stærstu verkefna voru fornleifauppgreftir í Keldudal og Kolkuósi, fornleifaskráning innan og utan héraðs, áframhaldandi samstarf við byggðasögurannsóknir í tengslum við ritun Byggðasögu Skagafjarðar og framkvæmdaefirlit með hitaveitulagningu í Fljótunum. Ný rannsókn sem beint er að kirkjum- og kirkjugörðum í Skagafirði hófst á árinu og er það samstarfsverkefni deilda Byggðasafnsins.

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi við deildina á árinu, Guðný Zoëga, fornleifafræðingur og deildarstjóri fornleifadeildar og Bryndís Zoëga, landfræðingur sem unnið hefur við fornleifaskráningu og kortagerð auk þess að vera skráningarstjóri Fornverkaskólans. Guðmundur St. Sigurðarson, meistaranemi í fornleifafræði var verkefnaráðinn hluta ársins við fornleifaskráningu, uppgroft og fleira.



Bryndís Zoëga við kirkjuvegg á Höfða



Guðmundur St. Sigurðarson skráir vörðu í Djúpadal



Guðný Zoëga við nýhlaðinn vegg á Tyrfingsstöðum

Styrkir

Fornleifasjóður veitti Fornleifadeildinni styrk að upphæð 1.000.000. kr. til rannsókna á fornum kirkjustöðum í Skagafirði.

Þjóðhátíðarsjóður veitti 150.000. kr. til útgáfu bæklinga um Keldudalsrannsóknina.

Menningarsjóður Norðurlands vestra veitti fornleifadeild Byggðasafnsins í samstarfi við Byggðasöguna 500.000. kr. til rannsókna á eyðibýlum í Skagafirði.

Fjárlaganefnd veitti safninu 4.000.000. kr. til áframhaldandi rannsókna í Kolkuósi en fornleifarannsóknir hafa staðir yfir þar í fimm sumur

Fornleifarannsóknir 2007

Eyðibýlarannsókn í Akrahreppi

Eins og undanfarin ár tók fornleifadeildin þátt í rannsókn á fornbyggð í Skagafirði í samstarfi við Hjalta Pálsson ritstjóra Byggðasögu Skagafjarðar. Að þessu sinni voru rannsökuð fjögur býli í Akrahreppi og gerðir voru könnunarskurðir til að áætla aldur býlanna.

Bráðabirgðaniðurstöður benda til að býlið Risamýri á Héraðsvatnabökkum í landi Réttarholts sé frá elstu tíð en slitrur af gjóskulagi frá 1104 fundust nokkuð ofan torfveggjar sem bendir til að hann hafi verið fallinn fyrir þann tíma. Í könnunarskurði sem gerður var í túngarð á fornþýlinu Vík í Úlfsstaðaparti í Norðurárdal komu í ljós tvö byggingarstig. Annars vegar

torfveggur sem lá undir gjóskulagi frá 1300 hins vegar túngarður sem hlaðinn var eftir 1300. Býlin á Gerði í landi Flugumýrarhvamms og ónefnt býli á Héraðsvatnabökkum í landi Miklabæjar reyndust bæði vera frá því eftir 1300. Áframhaldandi rannsóknir á eyðibýlum eru fyrirhugaðar 2008.

Kolkuós

Fornleifarannsóknir í Kolkuósi í Skagafirði hafa farið fram sl. fjögur sumur undir merkjum Byggðasafns Skagfirðinga en stjórn Ragnheiðar Traustadóttur framkvæmdastjóra Hólarannsóknarinnar. Verkið hefur verið unnið af sérfræðingum Hólarannsóknarinnar en deildarstjóri fornleifa-deildar hefur einnig komið að því með ýmsum hætti. Ýmsar innlendar og erlendar samstarfsstofnanir Hólarannsóknarinnar hafa einnig lagt til sérfræðipækkingu. Rannsóknin hófst 9. júlí liðið sumar og henni lauk 3. ágúst. Rannsóknin fer eins og hin fyrri ár fram í kappi við tímann og náttúruöflin. Mannvistarleifum við Kolkuós, sem var uppskipunar- og verslunarhöfn Hólastóls til forna, er smám saman að skola á haf út. Á tanganum, sem gengur út í ósinn, eru t.d. leifar búða, birgðageymslna og annarra mannvirkja frá 10. og fram á 14. öld. Þar hefur jafnframt fundist kuml. Ýmsir merkilegir gripir hafa komið í ljós við uppgröftinn, kambur, akkeri og gripir úr klébergi. Enn fremur benda dýrabein úr elstu lögum til innflutnings á kjölturökkum.

Rannsóknin í sumar gekk vel og komu bæði í ljós fleiri búðir og eldri byggingaskeið af búðum sem hafa verið grafin upp á undanförunum árum. Margir forvitnilegir gripir fundust við uppgröftinn í sumar og má þar nefna silfurpening, annar fannst árið 2003, elstu leirkerabrot sem fundist hafa á Íslandi og fleiri gripir. Að rannsókninni stóðu 19 innlendir og erlendir fornleifafræðingar, fornleifafræðinemar og ýmsir sérfræðingar.

Vík í Staðarhreppi

Ýmsar framkvæmdir fóru fram í námunda við og umhverfis íbúðarhúsið í Vík í Staðarhreppi og notaði fornleifadeildin tækifærið og skoðaði í skurðina sem þar voru teknir. Í ljós komu búsetuminjar frá elstu tíð, líklega leifar tveggja skálabygginga annarrar frá því fyrir 1104 og hinnar frá tímabilinu milli 1104 og 1300. Í skurði í hlaðinu framan við húsið kom einnig í ljós leifar 11. aldar smiðju. Víst er að miklar og spennandi minjar liggja þarna í jörðu og er óhjákvæmileg að ráðast verður í rannsóknir á staðnum verði þar frekara jarðrask.

Framkvæmdaeftirlit í Fljótum

Fornleifadeildin sinnti framkvæmdaeftirliti vegna hituveituframkvæmda í nágrenni Hofsóss. Tekinn var könnunarskurður í túngarð fornbylisins Höfðagerðis í landi Höfða á Höfðaströnd. Rannsóknin leiddi í ljós að túngarðurinn hefur líklega verið hlaðinn fyrst fyrir 1104 en hann síðan verið gildaður upp eftir þann tíma. Byggð var á Höfðagerði allt fram á 18. öld. Einnig fundust vísbendingar um mannvistarleifar frá því fyrir 1104 í skurði í landi Mýrarkots en veður og aðrar aðstæður leyfðu ekki frekari greiningu þeim mannvistarleifum.



Frá uppgreftri í Keldudal í sumar. Hellulögnin fyrir miðri mynd er líklega flór í 11.-12. aldar fjósi.

Keldudalur

Fornleifarannsókn fór enn á ný fram í Keldudal í tengslum við byggingafrankvæmdir. Rannsóknin var á vegum Fornleifaverndar ríkisins en að henni, auk starfsmanna Fornleifaverndar, komu sérfræðingar Byggðasafnsins og Hólarannsóknar. Uppgröfturinn stóð yfir í þrjár vikur og mikilvæg vitneskja bættist við um byggðasögu staðarins, m.a. fannst þar hluti bæjarstaðis og fjósbygging sem tilheyrir hefur 11.-12. aldar búsetu á staðnum en þegar hefur kirkjugarður því tengdur verið grafinn upp. Enn á eftir að vinna frekar úr uppgreftrinum og koma þá vísast í ljós margir forvitnilegir hlutir.

Fornleifaskráning í Skagafirði

Fornleifaskráning er viðamikill þáttur í starfsemi safnsins og gerði fornleifadeildin víðreist á síðasta ári.

Í Sveitafélaginu Skagafirði fór fram vettvangsvinna á svonefndri Víkurtorfu í Staðarhreppi, en það eru jarðirnar, Vík, Útvík, Ögmundarstaðir, Glæsibær, Birkihlíð og nýbýlin Stekkholt, Dýjabekkur og Hávík og er skýrsla um verkefnið í vinnslu. Þar að auki var gefin út skýrsla um þær jarðir sem skráðar voru í Skagafirði 2006: Skarð, Bakki, Brimnes, Kolkuós og Stóragerði. Í Akrahreppi hófst fornleifaskráning vegna aðalskipulags og voru eftirfarandi fimm jarðir skráðar á árinu: Silfrastaðir, Djúpidalur, Torfmýri, Úlfsstaðir og Kúskerpi.



Smalavarða í Djúpadal



Útgerðarminjar við Múlahöfn, Héraðsflóa

Önnur verkefni

Úrvinnsla rannsókna í Keldudal

Í byrjun árs 2007 hóf Guðný Zoëga deildastjóri fornleifadeildar doktorsnám við Oslóarháskóla en verkefni hennar tengist úrvinnslu og rannsóknum á beinagrindum og öðrum uppgraftargögnum úr uppröftunum í Keldudal. Rannsóknin verður auk þess unnin út frá þeim upplýsingum sem aflað verður við áðurnefnda kirkjurannsókn.

Kirkjuverkefni



19. aldar legsteinn í kirkjugarðinum á Höfða á Höfðaströnd

Rannsóknarverkefni um kirkjur og kirkjustaði í Skagafirði hófst sumarið 2007. Ætlunin er að skrá og rannsaka alla þekkta kirkjustaði í héraðinu. Verkefnið hófst með skráningu elstu kirkjustaða, þar sem að kirkjugarðar eða aðrar vísbendingar hafa komið fram um áður óþekkta kirkjustaði. Vettvangsvinna hófst sl. sumar er skoðaðar voru og uppmældar þær minjar sem sást á yfirborði á sex kirkjuförðum; Skíðastöðum, Keldudal, Sauðá, Steinstöðum, Höfða og Vík. Vettvangsvinna var að hluta í samstarfi við Christian Keller prófessor við Oslóar háskóla.

Samstarfsverkefni BSk og Byggðasögu Skagafjarðar

Á árinu kom út skýrsla með niðurstöðum samstarfs Byggðasafnsins, Byggðasögunnar og Fornleifaverndar ríkisins um rannsóknir á elstu byggðaleifum Skagafjarðar. Starfsmenn deildarinnar tölvugerðu teikningar af eyðibýlum fyrir Byggðasöguna. Auk þess sá deildin um að gera yfirlitskort af Akrahreppi og kort af Austurdal fyrir IV rit Byggðasögunnar sem kom út í nóvember.

Verkefni utan héraðs

Fornleifadeildin hefur tekið að sér ýmis verkefni utan héraðs og hefur sá þáttur vegið þungt í fjáröflun deildarinnar.

Fornleifaskráning á Skálanesi í Seyðisfirði

Fornleifadeildin skráði jörðina Skálanes í Seyðisfirði þar sem fram fer



uppbygging á Náttúru- og menningarsetri og þjónustu fyrir ferðamenn. Fornleifaskráningin var einn liður fjölþættra rannsókna sem ætlunin er að fari fram á umhverfi, dýralífi og menningarminjum á Skálanesi. Verkið var unnið fyrir Náttúru- og menningarsetrið Skálanes.

Leifar vörðu við Skálanesbjarg

Fornleifaskráning við Héraðsflóa

Í október var unnið við fornleifaskráningu á minjum í landi Ketilsstaða í Jökulsárhlíð og Fagradals í Vopnafirði. Skráðar voru minjar á fornbylinu Landsenda og útgerðarminjar við Múlahöfn í landi Ketilsstaða, útgerðar og búsetuminjar í Bjarnarey á Héraðsflóa og Torfu í landi Fagradals. Rannsóknin var unnin fyrir Hjörleif Guttormsson náttúrufræðing í tengslum við skrif hans um svæðið í Árbók Ferðafélags Íslands sem koma mun út á vordögum.

Smalakofar á Vopnafjarðaheidi

Í október fór fornleifadeildin upp á Vopnafjarðarheidi og mældi upp og gerði teikningar af tveimur grjóthlöðnum kofum eða skýlum, líklega smalakofum. Kofarnir höfðu verið skráðir á vettvangi vegna væntanlegrar vegagerðar árið 2005 og koma þeir til með að hverfa við vegagerð. Verkefnið var unnið fyrir Vegagerðina.

Fornleifaskráning í Kirkjuhvammi

Skýrsla um skráningu vegna deiliskipulags í Kirkjuhvammi við Hvamms-tanga kom út í byrjun árs en vettvangsvinnan hafði farið fram í desember 2006. Verkið var unnið fyrir Hvammstangabæ.

Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Unnið var að tveimur verkefnum um mat á umhverfis áhrifum framkvæmda fyrir Vegagerðina. Annars vegar í Norðfirði og Eskifirði vegna fyrirhugaðrar jarðgangna- og vegagerðar og hinsvegar í Hamarsfirði vegna vegagerðar.

Skráning mannabeina frá Skriðuklaustri

Deildarstjóri fornleifadeildar hefur að hluta til séð um greiningu manna-beina úr klausturkirkjugarðinum á Skriðu í Fljótsdal og kom út skýrsla á árinu um greiningar fimm beinagrinda úr garðinum. Einnig var hann ráðgefandi vegna gerðar þáttar um beinafræði í tengslum við klaustrið sem að unninn var fyrir bandarísku sjónvarpsstöðina Discovery channel.

Skráning og flokkun beina

Deildastjóri fornleifadeildar vann að sérverkefni fyrir Þjóðminjasafn Íslands er laut að skráningu og flokkun beina í gagnagrunn safnsins.

Kynning og miðlun

Einn af meginþáttum í starfsemi Byggðasafnsins er miðlun og kynning á rannsóknum og verkefnum safnsins með útgáfu rannsóknarskýrsla, greina-skrifa og bæklinga svo eitthvað sé nefnt.

Kennsla og fyrirlestrar

Tvö vettvangsnámskeið í fornleifafræði voru haldin á vegum Háskólans á Hólum, fyrri námskeiðið fyrir íslenska nema í fornleifafræði við Háskóla Íslands og hinsvegar voru erlendir nemar á vegum Oslóarháskóla. Starfsmenn fornleifadeildar og safnstjóri Byggðasafnsins komu að kennslunni, héldu fyrirlestra um torf, fornleifaskráningu og beinafræði auk þess að sjá um vettvangskennslu í fornleifaskráningu.

Deildastjóri fornleifadeildar og safnstjóri Byggðasafn sáu að hluta um kennslu á Staðavarðanámskeiði á Hólum í Hjaltadal. Námskeiðið er samstarfsverkefni Hólaskóla, Byggðasafnsins og fleiri stofnana á sviði menningararfsfræða.

Deildarstjóri hélt fyrirlestur á málþingi til heiðurs Sigríði Sigurðardóttur safnstjóra sem haldið var föstudaginn 9. nóvember.

Deildastjóri hélt fyrirlestur um fornleifarannsóknir í Skagafirði fyrir meðlimi Lionsklúbbs Sauðárkróks miðvikudaginn 14. nóvember.

Námskeið

Starfsmenn fornleifadeildar sóttu námskeið, í Lundi í Svíþjóð, ***í notkun gagnagrunnsins Intrasys*** dagana 13-15. mars ásamt starfsmönnum Hólarannsóknar og Þjóðminjasafns. Gagnagrunnurinn hefur verið notaður við Hólarannsóknina og voru starfsmenn fornleifadeildar að kynna sér notkunarmöguleika hans fyrir Byggðasafnið. Um miðjan maí tók fornleifadeildin þátt í að hreinsa tóftir útihúsa, Hólhúsa, á Tyrfingsstöðum sem undirbúningsferli fyrir ***Torf- og grjóthleðslunámskeið*** sem að allir starfsmenn deildarinnar sóttu í lok mánaðarins.

Sýningar

Í nóvember hófst undirbúningsvinna fyrir sýningu á vegum Þjóðminjasafns Íslands sem fornleifadeildin tekur þátt í. Sýningin sem styrkt er af Kristni-

hátíðsjóði lýtur að þeim rannsóknum sem unnar voru fyrir styrki úr sjóðnum á árunum 2001-2005.

Útgáfa

Alls voru gefnar út 10 rannsóknarskýrslur á árinu 2007. Það voru:

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Kirkjuhvammi, Hvammstanga.

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, janúar 2007. (2007/60)

Fornmeinafræðileg rannsókn á fimm beinagrindum úr

klausturkirkjugarðinum á Skriðu. Guðný Zoëga, febrúar 2007. (2007/61)

Fornleifaskráning í Skagafirði: Stóragerði, Kolkuós, Brimnes, Bakki og

Skarð. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, apríl 2007. (2007/62)

Eyðibýggð og afdalir Skagafjarðar I. Byggðasöguleg fornleifarannsókn.

Guðný Zoëga, maí 2007. (2007/63)

Fornleifaskráning Skálaness í Seyðisfirði. Guðný Zoëga og Bryndís

Zoëga, september 2007. (2007/64)

Fornleifaskráning á Blönduósi. Bryndís Zoëga og Guðmundur St.

Sigurðarson, desember 2007. (2007/65)

Fornleifaskráning Blönduósbæjar. Bryndís Zoëga, Guðmundur St.

Sigurðarson og Guðný Zoëga, nóvember 2007. (2007/66)

Suðurgata 5 á Sauðárkróki, húsakönnun. Bryndís Zoëga, Gísli Þór

Ólafsson, Guðmundur St. Sigurðarson og Sigríður Sigurðardóttir,

nóvember 2007. (2007/66).

Tyrfingsstaðir í Akrahreppi, húsakönnun. Bryndís Zoëga, Gísli Þór

Ólafsson, Guðmundur St. Sigurðarson, nóvember 2007. (2007/67)

Fornleifaskráning vegna vegagerðar milli Valtýskambs og Sandbrekku,

Hamarsfirði. Guðný Zoëga, nóvember 2007. (2007/68)

Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Norðfjarðargangna.

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga, desember 2007. (2007/69)

Minjar í landi Ketilsstaða í Hlíð, Fagradals í Vopnafirði og Bjarnarey –

Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, desember 2007. (2007/70)

Greinar

Guðný Zoëga (2007). Fornleifar í Skagafirði. Í *Eldjárn* 1 tbl. 2. árg. Kuml – félag fornleifafræðinema við Háskóla Íslands.

Guðný Zoëga & Ragnheiður Traustadóttir (2007). Keldudalur – A sacred Place in Pagan and Christian times in Iceland. Í *Cultural interaction between east and west: Archaeology, artefacts and human contacts in northern Europe*, bls. 225-230. Stokkhólmur.

Guðný Zoëga (2007). Sjúkdómar á miðöldum – vitnisburður beinafræðinnar. Í *Þriðja íslenska söguþingið 18-21. Maí 2006*. Ráðstefnurit. Benedikt Eypórsson og Hrafnkell Lárusson (ritstj.), bls. 141-150. Reykjavík.

Guðný Zoëga (2007). Forn kirkjugarður á Skeggjastöðum, Bakkafirði. *Múlaþing: byggðasögurit Austfirðinga*.

Verkefnin framundan

Fjölmörg verkefni eru framundan hjá fornleifadeildinni á þessu starfsári og má þar meðal annars nefna áframhaldandi fornleifaskráningu í Sveitarfélaginu Skagafirði og í Akrahreppi. Kirkjurannsókn mun halda áfram og stefnt er að því að gera könnunarskurði á 3-4 stöðum. Vinna er að hefjast við vefsíðu Byggðasafnsins og Hólarannsóknar en ætlunin er að miðla ýmsum upplýsingum varðandi minjastaði og fornleifarannsóknir í héraðinu. Áfram verður haldið að rannsaka fornbyggð Skagafjarðar í samstarfi við Byggðasöguna og áætlað að gera könnunarskurði á nokkrum stöðum í Kolbeinsdal í sumar. Fornleifarannsókn í Keldudal verða gerð skil á sýningu á Þjóðminjasafni Íslands sem opnuð verður snemma næsta árs og jafnframt verður gefinn út bæklingur fyrir almenning um Keldudal. Starfsmaður fornleifadeildar mun áfram sjá um skráningu fyrir Fornverkaskólan.

IV Sögusetur íslenska hestsins 2007

Sögusetrið vann að söfnun heimilda um íslenska hestinn. Lögð var áhersla á söfnun og skráningu heimilda sem tengjast upphafi skipulagðar hrossaræktar. Heimildir verða gerðar aðgengilegar almenningi í sérstökum gagnabanka á Internetinu. Lokið var undirbúningsvinnu við að koma upp Ljósmyndasafni um íslenska hestinn. Skráning hófst og vistun ljósmynda í sérstakan gagnabanka.

Sýningar

Theodórsstofa er sérsýning Sögusetursins um ævi og störf hrossaræktarráðunautar og upphaf skipulagðrar hrossaræktar á Íslandi. Formlega opnuð í apríl.

Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Hollandi. Sögusetrið setti upp sýningu og kynnti starfsemi setursins á Íslenska hestatorginu á HM í Hollandi í ágúst (um 20 þús. manna mót).

Æskan og hesturinn er stórsýning barna í Reiðhöllinni Svaðastöðum sem setrið tók þátt í í maí.

Fræðsla

Theodórþing var haldið í apríl, til heiðurs Theodóri Arnbjörnssyni, hrossaræktarráðunauti.

Málþing um sögu hestsins útfrá fornleifum, haldið í september. Erindi fluttu dýralæknir og tveir fornleifafræðingar.

Málþing um járnningar á miðöldum verður haldið 1. nóv. á Hólum. Síðar verður málþing um þróun járninga á 20. öld.

Ýmis fræðsluerindi hafa verið haldin t.d. í M.A. námskeiði sagnfræðiskorar Háskóla Íslands, fyrir nemendur hrossa- og ferðamáladeildar Hólaskóla og nemendur háskóla á Norðurlöndum.

Heimsíða. Á heimasíðu setursins hafa verið gerðar nokkrar breytingar á árinu.

Samstarf

Sögusetrið og Byggðasafn Skagfirðinga undirrituðu með sér samkomulag um söfnun og varðveislu muna.

Íslenska hestatorgið er markaðsáttak atvinnugreinafélaga hrossaræktar- og hestamennsku og stoðstofnana þeirra. Sögusetrið er þáttakandi í verkefninu, ásamt Félagi hrossabænda, Félagi tamningamanna, Landssambandi hestamannafélaga, Hólaskóla og World Feng. Sameiginlega stóðu þessir aðilar að heildstæðri sýningu á íslenska hestakyninu á HM í Hollandi.

Nordisk friluftsliv er samstarfsverkefni sem Sögusetrið er þáttakandi í ásamt háskólum á Norðurlöndum. Sögusetrið hélt námskeið um hestinn fyrir nemendur þessara skóla á haustdögum.

Gjafir

Sögusetrinu hafa verið færðar ýmsar gjafir og þær varðveittar og skráðar í heimildarbankann.

- **Dánarbú Theodórs Arnbjörnssonar** hrossaræktarráðunautar B.Í, 1920-1939. Húsmunir, handrit, bækur, skjöl, ljósmyndir. Gjöfin hafði mikla þýðingu fyrir Sögusetrið.
- **Ljósmyndasafn Sigurðar Sigmundssonar.** Um einstakt ljósmyndasafn er að ræða.
- **Ritverk gefin út af Gísla Pálssyni á Hofi í Vatnsdal.**
- **Annað:** Handrit, tímarit, bækur og ýmsir munir.

V Fornverkaskólinn 2007

Mánudaginn 5. mars 2007 var undirritað samkomulag milli Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Hólaskóla – Háskólans á Hólum og Byggðasafns Skagfirðinga um starfsemi Fornverkaskólans.

Fornverkaskólinn. Fornverkaskólinn gengur út á handverkskennslu sem tengist byggingararfi Íslendinga og fylgir sérstakri námskrá. Kennslan getur einnig tekið til fleiri fornverka. Fornverkaskólinn tekur mið af skipulagi minjavörslu og varðveislu íslensks byggingararfs á grundvelli opinberra reglna um minjavernd.

Meginmarkmið Fornverkaskólans eru að bjóða kennslu í vinnubrögðum og verklagi í hefðbundnu íslensku byggingarhandverki:

1. Torf sem byggingarefni, eðli þess og notkun, torfhleðsla. Verkfæri.
2. Grjót og grjóthleðslur.
3. Timbur; öflun þess og nýting fyrr á öldum, verkfæri og vinnubrögð.
4. Járn; eldsmíði járn til heimilishalds og húsbygginga.

Forsendur. Varðveisla dýrmæts byggingararfs er háð þekkingu á handverksmenningu. Því skammlífara sem byggingarefni er, því mikilvægara er handverkið. Byggingarefni gamla tímans: torf, tré og grjót hafa mislangan „líf tíma“ og það þarf að endurbyggja hús og önnur mannvirki á nokkurra áratuga fresti. Þá skiptir máli að handverksþekking, sem mannvirkið spratt af upphaflega, sé fyrir hendi. Ef svo er ekki, er í versta falli hætt við að hús eyðileggist og í besta falli að það verði endurbyggt í annarri mynd, en um leið glatar það gildi sínu.

Skagafjörður er enn auðugur af minjum um íslenska byggingasögu og búsetulandslag landbúnaðar. Á undanförunum árum hefur Byggðasafn Skagfirðinga safnað heimildum um torf- og grjóthleðslu og staðið fyrir húsakönnunum. Með kennslu í hverfandi handverki tengdu byggingararfinum gefst tækifæri til að safna heimildum um handverkið sjálft og varðveita það fyrir komandi kynslóðir.

Skipulag og stjórnun. Í stjórn Fornverkaskólans eiga sæti: Safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga, deildarstjóri Tréiðnaðardeildar Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og deildarstjóri Ferðamáladeildar Hólaskóla – Háskólans á Hólum. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir fer fyrir stjórninni. Hlutverk stjórnar er að standa vörð um hugmyndafræði og markmið Fornverkaskólans og marka honum stefnu. Stjórnin sér einnig um að gera rekstraráætlun í samstarfi við verkefnisstjóra Fornverkaskólans hverju sinni. Verkefnisstjóri til vors 2007 var Esther Ágústsdóttir kennari BEd. Stjórnarfulltrúar tóku á sig verkstjórn fyrstu námskeiðanna í sparnaðarskyni. Ljóst er þó að til að áætlanir gangi upp þarf að ráða verkefnisstjóra í hálft starf, a.m.k.

Námsskeiðin eru fjármögnuð hvert fyrir sig. Stjórn ber að finna námskeiðunum/verkefninu fjárhagsgrundvöll með öflun styrkja. Hóflæg námskeiðsgjöld eru innheimt. Verkefnisstjóri stýrir námskeiðahaldi við skólann í samvinnu við stjórn. Verkefnisstjóri mannar námskeið Fornverkaskólans og stýrir þeim í samvinnu við kennara hverju sinni og heldur utan um fjár-

hald og fjármögnun námskeiðanna með stjórn hans, og tekur þátt í stefnumótun. Gerð er áætlun um hvert námskeið, þ.e. námsáætlun, rekstraráætlun og skilgreind verkaskipting samstarfsaðila, sem lögð er fyrir yfirstjórnir ofangreindra samstarfsstofnana.

Byggðasafn Skagfirðinga safnar og skráir heimildir um aðferðir og handbrögð á námskeiðum Fornverkaskólans, og varðveitir þær upplýsingar í formi ljósmynda, myndbandsupptaka, uppmælinga, teikninga og nákvæmra ritaðra lýsinga. Byggðasafnið skráir handverks- og byggingaraðferðir og safnar heimildum frá námskeiðunum, og leggur til vettvang fyrir að Tyrfingsstöðum á Kjálka³ og fleiri stöðum, eftir atvikum. **Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra (FNV)** leggur til sérhæfða kennsluáðstöðu í verk-námshúsi sínu, og annan búnað eftir þörfum. Heimilisfang og varnarþing Fornverkaskólans er að **Hólum í Hjaltadal**. Umsýsla verkefnisins er hjá **Ferðamáladeild Hólaskóla**, sem leggur til kennsluáðstöðu. Hólaskóli veitir nemendum Fornverkaskólans aðgang að mannvirkjum Hólastaðar sem fela í sér fornan byggingararf.



Til vinstri er hornsteinn lagður á streng. Til hægri er strengurinn snyrtur til með torfljá.



Klömbruhlaðinn veggurinn snyrtur með skóflu, oftar er notaður gras- eða torfljár við veggjaskurð og snyrtingar.



Námsskeiðshald. Fornt byggingarhandverk er ekki skilgreint sem löggilt iðngrein. Námskeið á vegum Fornverkaskólans eru fyrst og fremst verkleg. Nemendur kynnast fornum verkfærum, en læra jafnframt að beita verkfærum nútímans á þann hátt að það rýri ekki gæði handverksins, né breyti því. Námið krefst þess að nemendur tileinki sér viðhorf minjaverndar til við hefur kennsla í fornu handverki það að markmiði að viðhalda sem mestu og breyta sem minnstu. Vinnureglur við nýtingu friðaðra mannvirkja verða hafðar að leiðarljósi. Námskeiðin eru ætluð

³ Byggðasafnið gerði samning við eigendur Tyrfingsstaða um aðgang að öllum torflöðnum húsum jarðarinnar með það fyrir augum að nota þau sem vettvang handverkskennslu, og að þau myndu standa í upprunalegri mynd að námskeiðum loknum, þeim að kostnaðarlausu. Húsin verða eftir sem áður þeirra eign. Einnig var samið um umgengni á staðnum og tilhögun námskeiða.

starfsfólki fyrirtækja í byggingariðnaði, sem vinna verkefni tengd minjavörslu, starfsfólki safna, staðarvörðum, áhugafólki um varðveislu handverkshefða, landeigendum, húseigendum, og öðrum sem vilja nýta og varðveita gömul mannvirki t.d. í ferðaþjónustu eða læra handverk til viðhalds og varðveislu eigna sinna.

Með námskeiðunum er stefnt að því að útskrifa nemendur:

1. sem þekkja vinnubrögð við íslenskt byggingarhandverk s.s. torfskurð, torf- og grjóthleðslu, trésmíði og málmsmíði.
2. með þekkingu á einkennum, þróun og varðveislu menningarlandslags á Íslandi.
3. sem eru færir um að kynna arf þann sem felst í mannvirkjum og menningarlandslagi.
4. sem geta aukið við þekkingu sína á fornu byggingarhandverki og viðhaldið verkunnáttu sinni.
5. sem með tímanum öðlast færni sem arfberar.⁴

Starfsárið 2007

Fyrsta námskeiðið í torf- og grjóthleðslu hófst mánudaginn 14. maí með því að hreinsað var út úr einu fjárhúsanna á Tyrfingsstöðum, svokölluðum Hólhúsum. Húsið var fallið og vel þurfti að skoða hvernig þak hafði lagst yfir krær og garða, og hvernig grindarviðirnir voru og hleðslur í veggjum og garða. Við hreinsunina unnu Helgi Sigurðsson torf- og grjóthleðslumeistari, Bragi Skúlason trésmiður og kennari við trésmíðadeild FNV og starfsmenn fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga þau, Guðný Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga. Hver hluti hússins var mældur, teiknaður og ljósmyndaður til eftirbreytni og varðveislu, en hugmyndin með námskeiðum Fornverkaskólans er að kenna handbrögðin,



Tóftin var mæld upp, teiknuð og mynduð áður en tekið var ofan af veggjunum. Til hægri eru gamlir húsviðir skoðaðir.

Neðar er stungið út eftir 50 ára hlé.

læra allt sem hægt er um viðfangsefnið, varðveita einstakar byggingar og geyma heimildir um gamalt handverk til næstu kynslóða.



⁴ Arfberi er sá kallaður sem býr yfir þekkingu og beitir fornu handverki af nægri kunnáttu til að geta kennt öðrum, til að bera þekkinguna áfram og miðla til þess næsta.

Alls voru fjögur námskeið haldin á vegum Fornverkaskólans á fyrsta starfsári hans og var góð aðsókn að þeim öllum. Af fjórum námskeiðum voru þrjú haldin á Tyrfingsstöðum; tvö í torf- og grjóthleðslu og eitt í einfaldri grindarsmíði. Á fyrsta námskeiðinu í torf- og grjóthleðslu sem fór fram í maí voru hlaðnir veggir á svonefndum Hólhúsum, tveggja króa fjárhúsum með garða. Viðgerðinni var síðan lokið um haustið en þá smíðuðu nemendur á námskeiði í einfaldri grindarsmíði, grindina í húsið og nemendur á síðara torf- og grjóthleðslunámskeiðinu lögðu þakið. Auk þess sem þeir hlóðu hestagirðingu sem staðsett er við gamla Tyrfingsstaðabæinn. Fjórða námskeiðið fór fram á Hrauni á Skaga þar sem kennt var val og vinnsla á rekavið og farið yfir mismunandi aðferðir við að hluta hann.



Fyrirlestur að Hrauni á Skaga, til vinstri, um efnivið og verkfæri til einfaldrar trégrindargerðar. Til hægri eru hluti verkfæra og efnis, stórviðarsögin og rekaviðurinn.

Alls sóttu 28 manns námskeiðin og komu þeir víðsvegar af að landinu. Kennarar voru fjórir; þeir Helgi Sigurðsson hjá Fornverki ehf. sem kenndi á Torf- og grjóthleðslunámskeiðum, Bragi Skúlason trésmiður og kennari í FNV kenndi á námskeiði í einfaldri grindarsmíði og loks kenndu þeir Steinn Rögnvaldsson bóndi Hrauni og Búi Vilhjálmsson bóndi Hafragili meðferð rekaviðar. Bryndís Zoëga skráningarstjóri Fornverkaskólans og starfsmaður Byggðasafns Skagfirðinga sá um skráningu námskeiðanna.

Yfirlit yfir námskeið á vegum Fornverkaskólans 2007

Námskeið 1.1 Hleðsla torf- og grjóthleðslu

Skipuleggjandi:

Fornverkaskólinn.

Framkvæmd: Byggðasafn Skagfirðinga (ljósmyndun og skráning), Helgi Sigurðsson; Fornverk ehf.

Staður og tímasetning:

Tyrfingsstaðir í Skagafirði, 29. maí – 1. júní 2007, kl. 9:00-17:00 alla daga

Kennari: Helgi Sigurðsson torf- og grjóthleðslumeistari

Fjöldi nemenda: 4

Tímafjöldi: 32 klst.

Viðfangsefni: Torfhleðsla, hlaðið ofan á vegg, þak tyrft.

Námskeið 1.1 Hleðsla torf- og grjóthleðslu

Skipuleggjandi: Fornverkaskólinn.

Framkvæmd: Byggðasafn Skagfirðinga, Helgi Sigurðsson; Fornverk ehf.

Staður og tímasetning: Tyrfingsstaðir í Skagafirði, 10.-13. september 2007, kl. 9:00-17:00

Fjöldi nemenda: 8

Kennari: Helgi Sigurðsson torf- og grjóthleðslumeistari

Skráning: Bryndís Zoëga skráningarstjóri Fornverkaskólans, starfsmaður Byggðasafns Skagf.

Viðfangsefni: Torfhleðsla, hlaðið ofan á vegg, réttar við bæ og þak Hólhúsa tyrft.

Námskeið 4. Einföld grindarsmíði

Skipuleggjandi: Fornverkaskólinn

Framkvæmd: Byggðasafn Skagfirðinga, Smíðadeild FNV

Staður og tímasetning: Tyrfingsstaðir 1. -2. og 8.-9. september 2007

Fjöldi nemenda: 8

Kennari: Bragi Skúlason

Skráning: Bryndís Zoëga skráningarstjóri

Tímafjöldi: 32 klst.

Viðfangsefni: Viðgerð og nýsmíði á timburgrind fjárhúsa á Tyrfingsstöðum

Námskeið 3. Val og vinnsla rekaviðar

Skipuleggjandi: Fornverkaskólinn

Framkvæmd: Tréiðnaðardeild Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra, Byggðasafn Skagfirðinga

Fjöldi nemenda: 8

Kennarar: Steinn Rögnvaldsson bóndi Hrauni og Búi Vilhjálmsson bóndi Hafragili

Skráning: Bryndís Zoëga skráningarstjóri

Staður og tímasetning: Hraun á Skaga, 28. júlí 2007

Tímafjöldi: 8

Viðfangsefni: Val og vinnsla á rekaviði

Verkefnin framundan

Annað starfsár skólans er gengið í garð og 6 námskeið eru þegar ráðgerð. Trésmíðakennarar FNV munu vera með námskeið í einfaldri gluggasmíði í maí 2008, Helgi Sigurðsson verður með grjóthleðslunámskeið í mars og 3-4 torfhleðslunámskeið verða í maí og ágúst-september, á Tyrfingsstöðum. Einnig verður boðið námskeið í vinnslu rekaviðar í sumar.